

Vinnustund

Leiðbeiningar um aðgang að heiman – útg. 21. janúar 2016

Aðeins er hægt að skrá sig inn í Vinnustund að heiman með því að fara inn í gegnum slóðina <https://heima.orri.is>.



Hægt er líka að smella beint á táknmyndina á starfsmannasvæðinu á ytri vefnum.

Vinnustund er aðgengileg undir ábyrgðarsviðinu **LSH Sjálfsafgreiðsla starfsmanns**

ATH! Ef vafrinn á tölvunni ykkar er með Pop-up blocker virkjaðan þá opnast Vinnustund ekki. Athugið að óvirkja Pop-up blocker (sjá með grænu í myndum hér að neðan) eða setja undantekninguna orri.is í vafrann (sjá með rauðu á myndum). Meðfylgjandi eru leiðbeiningar um hvernig þetta er gert í algengustu vöfrum.


Internet Explorer

Undir **Tools** í valstikunni á IE vafranum skal velja **Internet options**.

Veljið **Privacy** flipann og ef óvirkja á pop up blockerinn er nóg af afhaka úr **Turn on Pop-Up blocker** (sjá með grænu á mynd). En ef þið viljið hafa Pop-up blocker-inn virkan er hægt að setja undantekningu í hann. Veljið þá **Settings** og bætið við eftirfarandi undantekningu: (sjá leiðbeiningar með rauðu á mynd)

- **orri.is**

Að þessu loknu er hægt að smella á Vinnustund og hún er ekki stoppuð af Pop-up blocker vafrans.



Firefox

Smellið á strikin þrjú efst hægra megin, smellið á *Options*.

Smellið á *Content*.


Smellið á *Exceptions* í kaflanum *Pop-ups*.

Afhakið *Pop-ups* ef slökkva á honum – Grænt á mynd hér að neðan eða bætið inn slóðinni með *Allow* hnapp í *Address of website* (merkt með rauðu) :

- **https://orri.is** - ATH muna að hafa forskeytið **https://**

Staðfestið með *Save Changes*.

Að þessu loknu er hægt að smella á *Vinnustund* og hún er ekki stoppuð af *Pop-up blocker* vafrans.



Chrome

Smellið á strikin þrjú efst hægra megin, veljið **Settings**.

Smellið þar á krækjuna **Show Advanced Settings** sem er neðst á síðunni.

Finnið flokkinn **Privacy** og smellið á hnappinn **Content Settings**.

Þar skal finna **Pop-Ups** flokkinn. Ef leyfa á pop-ups veljið þá **Allow all sites to show pop-ups** (sjá grænan hring á mynd) en ef setja á undantekningu fyrir Vinnustund smellið þá á **Manage Exceptions** og í auða reitinn sem kemur upp skal slá inn :

- [*.]orri.is

Best væri að afrita línuna hér fyrir ofan og líma í þennan reit (Sjá mynd). Síðan skal ýta á Enter og smella á *Done*.

Að þessu loknu er hægt að smella á Vinnustund og hún er ekki stoppuð af Pop-up blocker vafrans.

